

Fimmtudaginn 24. október 1996.

Nr. 63/1996.

Ólafur Thóroddsen

(sjálfur)

gegn

Lögfræðistofunni sf.

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Viðar Már Matthíasson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 6. febrúar 1996 og krefst sýknu af kröfum stefnda auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur um annað en málskostnað. Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Ólafur Thóroddsen, greiði stefnda, Lögfræðistofunni sf., samtals 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 8. nóvember 1995.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað með stefnu, birtri 17. maí 1995, af Lögfræðistofunni sf., kt. 611085-0959, Borgartúni 31, Reykjavík, á hendur Ólafi Thóroddsen, kt. 141045-4319, héraðsdómslögmanni, Hátúni 6 B, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 536.000 kr., með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 268.000 kr. frá 10. nóvember 1991 til 10. desember 1991, en af 536.000 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar skv. fram lögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, og í báðum tilvikum, að honum verði dæmdur málskostnaður.

Stefnandi kveður umstefnda skuld vera samkvæmt tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð 268.000 kr., út gefnum í Reykjavík 3. júní 1991 af Naustaborg hf. og samþykktum af stefnda til greiðslu 10. nóvember og 10. desember 1991 í Búnaðarbankanum, Reykjavík, ábektum af útgefanda. Í texta víxilsins kemur fram, að afsögn sé óþörf.

Innheimtutilraunir segir stefnandi eigi hafa borið árangur.

Stefnandi höfðar mál þetta á grundvelli víxillaga nr. 93/1933 og rekur það skv. XVII. kafla laga nr. 91/1991. Kröfu um dráttarvexti reisir stefnandi á III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að víxlarnir séu greiddir.

Aðilar eru sammála um, að taka megi afstöðu til forms og efnis í einni úrlausn, sbr. 2. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991.

Í 118. gr. laga nr. 91/1991 eru tæmandi taldar þær varnir, er komast mega að í málum, sem höfðuð eru á grundvelli ofangreinds kafla laganna. Greiðsluvörn, sem víxill ber ekki með sér, kemst ekki að í víxilmáli. Hvorugur víxillinn ber með sér, að hann sé greiddur. Vörn stefnanda varðar efnis máls. Ber því hvorki að vísa málinu frá né sýkna stefnda. Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxlanna með formlega löglegri heimild honum til handa. Ber af ofangreindum sökum og þar sem hinir fram lögðu víxlar eru í samræmi við lýsingu stefnanda, að taka kröfu hans til greina og dæma stefnda til að greiða stefnanda víxilfjárhæðirnar með vöxtum og kostnaði, þar með töldum virðisaukaskatti, eins og í dómsorði greinir.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari dæmir málið.

D ó m s o r ð:

Hrundið er kröfu stefnda um frávísun málsins.

Stefndi, Ólafur Thóroddsen, greiði stefnanda, Lögfræðistofunni sf., 536.000 kr. með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 268.000 kr. frá 10. nóvember 1991 til 10. desember 1991, en af 536.000 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda 150.000 kr. í málskostnað.
